

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1186 Fjallalax - Hallkelshólar	Hallkelshólum 801 Selfoss	Matthew Carl Voll Chernin Stöðvarstjóri			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	6.9.2022	14.9.2022	4,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 9 skoðunatriða af 20. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 3 skoðunatriðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 3 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
	4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni
	5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)
	5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Undirrituð fór í reglubundið eftirlit í Fjallalax að Hallkelshólum ásamt Vigdísí Sigurðardóttur. Gengið var um stöðina og fiskheldni athuguð. Farið var yfir gæðahandbók og skráningar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 220/2018.

Starfsstöð

Fjallalax - Hallkelshólar
Hallkelshólum
801 Selfoss
Staða: Í gildi
Kennitala: 6708090720

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð

Tengiliðir

Matthew Carl Voll Chernin	matthew@arnarlax.is	Stöðvarstjóri
Silja Baldvinsdóttir	silja@arnarlax.is	Gæðastjóri

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 09.09.2022

Frávik

Laga þarf nokkur niðurföll í eldissal, þ.e.a.s. útbúa þarf fastar ristar yfir þau. Sum niðurfallana eru opin en öðrum hefur verið lokað með lausri málmplötu.

Mynd 1



Mynd 2



5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi > 20.tonn)

Sett inn: 09.09.2022

Frávik

Vantar þjálfunarskrá vegna stroks.

Rekstrarleyfishafi skal tryggja að **áður en starfsmenn hefja störf** í fiskeldisstöð fái þeir þjálfun í að hindra strok og öðlist þekkingu og færni til að grípa strax til viðeigandi ráðstafana ef strok eiga sér stað og hvaða reglur gilda um veiðar á eldisfiski sem sleppur úr eldisstöð og hvernig

framkvæma skal veiðar á þeim.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 09.09.2022

Sannprófun vantar.

Verklag þarf að vera til staðar sem sýnir að rekstrarleyfishafi rýni reglulega og eigi sjaldnar en árlega, þau kerfi og þær verklagsreglur sem settar eru fram í gæðahandbók fiskeldisstöðvar. Sjá nánar í viðauka III í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi	2.1.2 Framleiðsluskýrsla	4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi
5.1.3 Verklagsreglur (rekstarleyfi>20.tonn)	5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstarleyfi>20.tonn)	5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Erna Karen Óskarsdóttir
erna.oskarsdottir@mast.is
fagsviðsstjóri fiskeldis
6956886

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikíð það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftriflygniferill (VRF-022) tekur við.

Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli – lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis